



Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins



CASP2021

Samræmd starfsemi
um öryggi vöru



Rafmagnsleikföng



Lokaskýrsla

Réttindi og
neytendur

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Listi yfir skammstafanir	2
Samantekt á framkvæmd	3
Hluti 1	
1. Yfirlit yfir aðgerðir	4
1.1 Markaðseftirlitsyfirvöld sem tóku þátt	4
1.2 Vöruúrtak og prófunarkröfur	5
1.2.1 Vöruúrtak	5
1.2.2 Prófunarkröfur	5
2. Úrtak og prófun	6
2.1 Úrtaksdreifing	6
2.2 Prófunarferli	7
3. Niðurstöður prófana	8
3.1 Yfirlit yfir niðurstöður prófanna og helstu útkomur	8
3.2 Niðurstöður samkvæmt próftegund	9
3.3 Niðurstöður eftir sölurásam	10
3.4 Ályktanir prófunarniðurstaðna	10
4. Hættumat og ráðstafanir	11
4.1 Niðurstöður hættumats	11
4.2 Úrbætur sem gerðar voru fyrir prófaðar vörur	11
5. Niðurstöður og ráðleggingar	12
5.1 Niðurstöður	12
5.2 Ráðleggingar fyrir hagsmunaaðila	13
Hluti 2	
1. Hvað er CASP?	14
Hlutverk og ábyrgð	14
2. Vinnuáætlun sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum	15
3. Verkfæri og ferli sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum	16

Listi yfir skammstafanir

SKAMMSTÖFUN	LÝSING
AEL	Útgeislunarmörk
CASP	Samræmd starfsemi um öryggi vöru (CASP)
DG JUST	Dómsmála- og neytendaskrifstofa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EISMEA	Evrópska nýsköpunarráðið og framkvæmdaskrifstofa lítilla og meðalstórra fyrirtækja
EN	Evrópustaðall
EO	Rekstraraðili
ESB	Evrópusambandið
GPSD	Almenn tilskipun um vöruöryggi (2001/95/EB)
LED	Ljósdróða
Leiðbeiningar Bandalagskerfisins um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX)	Ákvörðun (ESB) 2019/417
MS	Aðildarríki
MSA	Markaðseftirlitsyfirvald
PSA	Sértækar aðgerðir sem tengjast tilteknum vörum
RAG	Leiðbeiningar um áhættumat
REACH- reglugerðin	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmörkun að því er varðar efni
RoHS2	Tilskipun nr. 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun hættulegra efna
TSD	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um öryggi leikfanga (2009/48/EB)
Öryggisgátt	Skynditilkynningakerfi ESB fyrir ómatvælatengdan hættulegan varning

Samantekt á framkvæmd

Markmið aðgerðanna

Samræmd starfsemi um öryggi vöru (CASP) gerir markaðseftirlitsyrivöldum aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB)/Evrópska efnahagssvæðisins (EES) kleift að vinna saman til að efla öryggi vara sem settar eru á innri markað ESB. Aðgerðirnar vorðu rafmagnsleikföng. Leikföngin voru valin og prófuð samkvæmt forsendum sem viðkomandi markaðseftirlitsyrivöld höfðu samþykkt í sameiningu.

Vörur sem við á

1. rafmagnsleikföng með hnapparaflöðum/öðrum rafhlöðum
2. rafmagnsleikföng sem setið er á/farið er inn í
3. rafmagnsleikföng með leysigeislum/öðrum ljósum
4. leikföng með fjarstýringu.

Helstu prófunarkröfur

Eftirfarandi atriði voru tekin með í prófunaráætlun:

- tiltekin ákvæði evrópsks staðals nr. (EN) 62115:2005 + A12:2015 – Sér lýsingar um rafmagnsöryggi leikfanga sem hafa a.m.k. einn rafknúinn eiginleika, en leikföng eru skilgreind sem allar vörur sem hannaðar eru fyrir eða skýrlega ætlaðar til leiks fyrir börn undir 14 ára aldri, burtséð frá því hvort þær séu eingöngu ætlaðar börnum eður ei.
- ákvæði 5.1 um litla hluti í staðli nr. EN 71-1:2014 + A1:2018 um öryggi leikfanga og kraftræna og efnislega eiginleika þeirra;
- innihaldsmagn blýs og kadmíums í vörum, en efnin voru prófuð í ljósi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um takmarkanir á notkun hættulegra efna (2011/65/ESB) (RoHS2);
- innihaldsmagn þalata í mjúku plasti, en það var metið með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmörkun að því er varðar efni (REACH-reglugerðin).

Niðurstöður

- 130 vörur voru prófaðar:
 - 58 rafmagnsleikföng með hnapparaflöðum/öðrum rafhlöðum
 - 34 rafmagnsleikföng sem hægt er að setjast ofan á/inn í
 - 24 rafmagnsleikföng með leysigeislum/öðrum ljósum
 - 14 leikföng með fjarstýringu.
- Í heildina uppfylltu 75% leikfanganna (97) prófunarkröfur.
- Í heildina uppfylltu 25% leikfanganna (33) ekki a.m.k. eina af prófunarkröfunum.
 - Þeir flokkar sem innhéldu flest leikföng sem uppfylltu ekki a.m.k. eina af prófunarkröfunum voru leikföng með fjarstýringu (36%) og rafmagnsleikföng með hnapparaflöðum/öðrum rafhlöðum (33%).


Helstu ráðleggingar

Fyrir neytendur

- Kaupið rafmagnsleikföng eingöngu frá traustum sölukeðjum.
- Gætið sérstaklega að viðvörðunum og merkingum sem fylgja með vörunum.
- Hafði í huga þær hættur sem fylgja hnapparaflöðum sem auðvelt er að komast að.

Fyrir rekstraraðila

- Markaðssetjið aðeins vörur sem uppfylla allar lagalegar kröfur sem settar eru fram í tilskipun um öryggi leikfanga (2009/48/EB), viðeigandi samræmdum staðli, RoHS2 og REACH-reglugerðinni.
- Gætið að heilleika og nákvæmni viðvarana, merkinga og leiðbeininga rafmagnsleikfanga.
- Gerið neytendum skýrlega kunnugt um innkallanir.



Niðurstöður

Í heildina uppfylltu 25% prófaðra leikfanga ekki viðeigandi kröfur.

Í heildina fannst blý og kadmíum í 43% þeirra vara sem voru prófaðar með RoHS2. Frekari aðgerða er þörf til að vernda neytendur innan ESB og umhverfið frá óöruggum rafmagnsleikföngum sem eru sett á innri markað ESB (e. Single market).

Áhættumöt sem framkvæmd voru af markaðseftirlitsyrivöldum sýndu fram á að 21 leikfang hafði í för með sér alvarlega áhættu, 6 mikla áhættu og 1 meðalmikla áhættu.


Meðal helstu aðgerða sem gripið var til hvað varðar þau leikföng sem uppfylltu ekki kröfur voru 5 leikföng innkölluð af markaði og 26 tekin af honum.

1. Yfirlit yfir aðgerðir

1.1 Markaðseftirlitsyfirvöld sem tóku þátt

Allt í allt tóku 15 markaðseftirlitsyfirvöld frá 10 aðildarríkjum og tveimur löndum innan EES þátt í sértækum aðgerðum sem tengjast rafmagnsleikföng, eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan.

LAND	MARKAÐSEFTIRLITSYFIRVALD
Austurríki	Sambandsráðuneyti félagsmála, heilsu, umönnunar og neytendaverndar (BMSGPK) Heilsu- og matvælaöryggisstofnun Austurríkis (AGES)
Finnland	Öryggis- og efnastofnun Finnlands (Tukes)
Frakkland	Stjórnarsvið samkeppni, neytendamála og aðgerða gegn svikum (DGCCRF) Stjórnarsvið tollamála og óbeinna skatta
Írland	Samkeppnis- og neytendaverndarráð
Ísland	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Króatía	Ríkiseftirlitið
Kýpur	Neytendaverndarþjónustan
Litháen	Neytendaréttindastofnun
Lúxemborg	Markaðseftirlitsstofnun (ILNAS)
Malta	Samkeppnis- og neytendamálastofnun Möltu
Noregur	Almannavarnastofnun norska ríkisins
Svíþjóð	Sænska rafmagnsöryggisráðið Efnastofnun Svíþjóðar



1.2 Vöruúrtak og prófunarkröfur

1.2.1 Vöruúrtak

Markaðseftirlitsyfirvöld ákváðu að prófa leikföng sem hafa a.m.k. einn rafknúinn eiginleika, en leikföng eru skilgreind sem allar vörur sem hannaðar eru fyrir eða skýrlega ætlaðar til leiks fyrir börn undir 14 ára aldri, burtséð frá því hvort þær séu eingöngu ætlaðar börnum eður ei.

Tafla 1 - Vöruúrtak

RAFMAGNSLEIKFÖNG MEÐ HNAPPARAFHLÖÐUM/ ÖÐRUM RAFHLÖÐUM	RAFMAGNSLEIKFÖNG SEM HÆGT ER AÐ SETJAST OFAN Á/INN Í	RAFMAGNSLEIKFÖNG MEÐ LEYSIGEISLUM/ ÖÐRUM LJÓSUM	LEIKFÖNG MEÐ FJARSTÝRINGU
Leikföng sem virka aðeins með rafhlöðum sem hægt er að skipta um.	Leikföng sem ætluð eru til notkunar af börnum og eru drifin af rafhlöðum sem hægt er að hlaða.	Leikföng sem gefa frá sér ljós annaðhvort þegar barnið biður um það eða af handahófi (sérstaklega þegar um ræðir ljósgjafa með mjög þröngri bylgjulengd - rafsegulgeislun) til að skapa sjónáhrif.	Rafmagnsleikföng sem stjórnað er með fjarstýringu með snúruviðmóti og innihalda hlaðanlegar/ óhlaðanlegar rafhlöður.

1.2.2 Prófunarkröfur

Prófunaráætlun fól í sér vélræn og rafræn próf fyrir allar vörur í úrtakinu (byggt á kröfum staðals EN 62115:2005 + A12:2015 og EN 71-1:2014 + A1:2018), efnafræðileg próf í leit að blýi og kadmíum sbr. tilskipun RoHS2 (próf á 63 leikföngum, umbeðin af sex markaðseftirlitsyfirvöldum) og efnafræðileg próf í leit að þalötum (próf á 61 leikfangi, umbeðin af 10 markaðseftirlitsyfirvöldum).

Auk rannsóknarstofuþróa athuguðu markaðseftirlitsyfirvöld einnig meðfylgjandi viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar á viðkomandi móðurmálum. Gátlisti með aðalkröfum var undirbúinn af tæknisérfræðingi sem ítarupplýsingar fyrir markaðseftirlitsyfirvöld.



2. Úrtak og prófun

2.1 Úrtaksdreifing

Úrtak var gert með forvali sem hvert markaðseftirlitsyfirvald gerði, með hliðsjón af sérkennum hvers markaðs.

Hvert markaðseftirlitsyfirvald fékk að velja tíu vörur í heildina. Heildarfjöldi úrtaksvara var aðlagður með hliðsjón af getu og hagsmunum hvers markaðseftirlitsyfirvalds. Markaðseftirlitsyfirvöldin ákváðu dreifingu heildarfjölda prófaðra úrtaksvara í fjóra vöruflokka, og ákváðu hvort úrtaksvörur úr öllum flokkum voru prófaðar eða ekki.

Í heildina voru 130 vörur valdar og prófaðar eins og sýnt er á töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 2 - Fjöldi vara sem valdar voru af viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöldum

LAND	MARKAÐSEFTIRLITSYFIRVALD	Rafmagns-leikföng með hnappa-rafhlöðum/ öðrum rafhlöðum	Rafmagns-leikföng sem hægt er að setjast ofan á/ inn í	Rafmagns-leikföng með leysigeislum eða öðrum ljósum	Leikföng með fjarstýringu	Heildarfjöldi
Austurríki	Sambandsráðuneyti félagsmála, heilsu, umönnunar og neytendaverndar	4	3	3	/	10
	Heilsu- og matvælaöryggisstofnun Austurríkis (AGES)					
Finnland	Finnska öryggis- og efnastofnunin	5	4	4	/	13
Frakkland	Samkeppniseftirlitið, neyslu og kúgun svik	5	3	5	/	13
	Stjórnarsvið tollamála og óbeinna skatta	/	/	1	/	1
Írland	Samkeppnis- og neytendaverndarráð	4	/	/	/	4
Ísland	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	6	2	2	/	10
Króatía	Ríkiseftirlitið	5	/	3	2	10
Kýpur	Neytendaverndarþjónustan	4	3	3	/	10
Litháen	Neytendaréttindastofnun	5	1	/	4	10
Lúxemborg	ILNAS - Markkinavaltosasto	1	3	3	3	10
Malta	Samkeppnis- og neytendamálastofnun Möltu	3	4	/	5	12
Noregur	Almannavarnastofnun norska ríkisins	4	5	/	/	9
Svíþjóð	Sænska rafmagnsöryggisráðið	/	6	/	/	6
	Efnastofnun Svíþjóðar	12	/	/	/	12
Heildarfjöldi		58	34	24	14	130


Markaðseftirlitsyfirvöld ákváðu hvaðan best væri að fá úrtakið og völdu bæði vörur af netinu og úr hefðbundnum verslunum. Mestur hluti varanna (72%) kom frá hefðbundnum verslunum.

2.2 Prófunarferli

Samkvæmt ítarlegri gagnarannsókn fundust 73 faggiltar rannsóknarstofur innan ESB/EES. Verkefnisteymið undirbjó sérlýsingar til útboðs og bauð rannsóknarstofunum að senda inn tilboð. Markaðseftirlitsyfirvöldin fengu í hendur samanburðargreiningu á tæknihæfi og fjárhagslegum tilboðum frá rannsóknarstofunum átta sem svöruðu útboðinu og höfðu faggildingu til að framkvæma prófið í ljósi allra þeirra staðla sem valdir höfðu verið. Markaðseftirlitsyfirvöldin völdu rannsóknarstofu á grunni tæknihæfis og verðs (og höfðu í huga hver þeirra var hagstæðust).

Markaðseftirlitsyfirvöldin höfðu tvo mánuði til að safna úrtakinu saman og senda til rannsóknarstofunnar. Prófunarferlinu seinkaði ekki og því lauk þann 3. desember 2021. Fundur rannsóknarstofunnar var haldinn þá 12. og 13. janúar (á tvenns konar sniði¹).

Mynd 1 - Tímaskráning úrtakstöku og prófunarferlis




¹ Starfsfólk verktakans var á rannsóknarstofunni með teyminu sem sá um hljóð og mynd, og fulltrúar markaðseftirlitsyfirvaldanna frá Stjórnarsviði réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST) tóku þátt í fundinum í gegnum Zoom.

3. Niðurstöður prófana


3.1 Yfirlit yfir niðurstöður prófanna og helstu útkomur

Alls 97 vörur af þeim 130 sem prófaðar voru uppfylltu kröfur sem settar voru fram í endanlegri prófunaráætlun eins og sýnt er á ritinu hér fyrir neðan. Þær 33 vörur sem eftir stóðu höfðu a.m.k. eina kröfu óuppfyllta².

Mynd 2 - Heildarniðurstöður prófa (N=130)



Mynd 3 - Niðurstöður athugana á viðvörnum, merkingum og leiðbeiningum (N=130)



Samkvæmt prófunarniðurstöðum stóðust örlítið fleiri leikföng fyrir börn yfir 36 mánaða aldri ekki kröfur (26%) samanborið við leikföng ætluð börnum undir 36 mánaða aldri.

Leikföng með fjarstýringu höfðu hæsta hlutfallið sem stóðst ekki a.m.k. eina viðkomandi krafna (36%), og næsthæsta hlutfallið varðaði rafmagnsleikföng með hnapparafhlöðum/öðrum rafhlöðum (33%). Hvað varðar leikföng með

hnapparafhlöðum/öðrum rafhlöðum voru það fleiri leikföng ætluð börnum yfir 36 mánaða aldri sem stóðust ekki prófið (37%) samanborið við leikföng ætluð börnum undir 36 mánaða aldri (16%).

Markaðseftirlitsyfirvöld framkvæmdu mat á viðvörnum, merkingum og leiðbeiningum á sínu móðurmáli: 52% prófaðra leikfanga uppfylltu ekki viðeigandi kröfur.




² Þessar niðurstöður útiloka ákvæði um viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar (markaðseftirlitsyfirvöld sáu um að meta þessi atriði).

3.2 Niðurstöður samkvæmt próftegund


Sú tegund prófs sem samanstóð af mesta fjölda leikfanga sem ekki stóðust a.m.k. eina kröfu voru efnafræðileg próf í leit að blýi og kadmíum sem gerð voru með RoHS2 (43%). Næst voru það efnafræðileg próf í leit að þalötum með REACH-reglugerðinni (11%) og að lokum rafræn/vélræn próf (8%). Niðurstöður prófanna eftir ákvæði eru sýndar á ritunum hér fyrir neðan.

Rafræn/vélræn próf

Mynd 4 - **Prófunarniðurstöður eftir ákvæðum – EN 62115:2005 og viðauki A12:2015 (N=130)**




Mynd 5 - **Prófunarniðurstöður eftir ákvæðum – EN 71 -1:2014 + A1:2018 um litla hluti (N=130)**



Efnafræðileg próf

Mynd 6 - **Niðurstöður efnafræðilegra prófa í samræmi við RoHS2 og REACH-reglugerðina (N=130)**



3.3 Niðurstöður eftir sölurásunum

Mestur hluti varanna (72%) kom frá hefðbundnum verslunum. Mun hærra prósentuhlutfall rafmagnsleikfanga sem keypt voru á netinu uppfylltu ekki a.m.k. eina kröfu (47%), samanborið við prósentuhlutfall leikfanga sem keypt voru í hefðbundnum verslunum (17%).

3.4 Ályktanir prófunarniðurstaðna

Í úrtakinu var bæði borið kennsl á vélrænar/rafrænar og efnatengdar hættur. Tíðara var að ósamræmi leikfanganna skapaðist vegna efna en vegna vélræna/rafræna ástæðna.

Efnafræðilegar áhættur

Það er áhyggjuefni að 43% úrtaksvara sem prófaðar voru með RoHS2 uppfylltu ekki viðeigandi kröfur. Viðvera mjög mikils magns hættulegu efnanna blýs og kadmíums skapar umhverfshættu við endurvinnslu rafmagnsleikfanga.

Vélrænar/rafrænar áhættur

Þó svo að færri tilfelli ósamræmis tengdust rafrænu og vélrænu öryggi voru borin kennsl á sumar hættur.

- **Greiður aðgangur að hnapparafhlöðum.** Þessar litlu rafhlöður eru afar hættulegar börnum þar sem þær geta fest í mikilvægum líkamshlutum barnsins. Sér í lagi geta basabrunar valdið vefjaskemmdum af ýmsum toga á nokkrum mínútum, slímhimnuertingu, sármyndun og jafnvel djúpum brunasárum á slímhimnu í meltingarvegi og maga.
- **Leysigeislar með ljósdíóðum (LED) sem fara umfram leyfileg útgeislunarmörk (AEL).** Innbyggðir leysigeislar eða LED-ljós verða að uppfylla öryggiskröfur fyrir leysigeisla í flokki 1 og vera örugg fyrir sjónina við öll sjónskilyrði. Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir þessari tegund augnskaða.
- **Leikföng sem barn getur notað þegar leikfangið er í sambandi við rafveitu.** Ef barn leikur með leikfang sem er tengt við rafmagn eykst hættan á því að klóin og innstungan skemmist og að barnið sé útsett fyrir aukinni hættu.

Pakkningar, viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar

Meira en helmingur leikfanganna (52%) uppfyllti ekki kröfur um merkingar og leiðbeiningar. Öryggisleiðbeiningar eru mikilvægar til að geta notað og viðhaldið leikföngum á öruggan hátt. Margar vörur höfðu ófullgerðar eða ónákvæmar upplýsingar og sumar þeirra voru seldar án viðvarana um rafhlöður.




4. Hættumat og ráðstafanir

4.1 Niðurstöður hættumats

Samkvæmt tilskipun um öryggi leikfanga, eiga leikföng sem markaðssett eru innan ESB að uppfylla öryggiskröfur sem settar eru fram í tilskipuninni. Leikföng mega sér í lagi ekki stofna öryggi eða heilsu notenda í hættu ef þau eru notuð sem skyldi eða á fyrirsjáanlegan hátt. Áhættumat á vöru skal byggjast á ákvörðun Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/417³ (leiðbeiningum Bandalagskerfis um skjót skipti á upplýsingum). Til að próa áhættumat notuðu markaðseftirlitsyfirvöld Leiðbeiningar um áhættumat (RAG)⁴ frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.


Á mynd 7 sjást áhættustig (byggt á áhættumati sem markaðseftirlitsyfirvöld sáu um) þeirra vara sem uppfylltu ekki kröfur.



4.2 Úrbætur sem gerðar voru fyrir prófaðar vörur

Samkvæmt prófniðurstöðum og því áhættumati sem gert var, ákveða markaðseftirlitsyfirvöld til hvaða ráðstafana skuli taka fyrir þær vörur sem uppfylltu ekki löggjöf ESB og/eða viðeigandi staðla til að sneiða hjá því að hættulegar vörur komist inn á innri markað ESB. Á mynd 8 sjást helstu ráðstafanir sem gripið var til. Þegar alvarleg hættu greinist ber markaðseftirlitsyfirvöldum skylda til að senda tilkynningu í öryggisgátt (sbr. grein 12.1 í Almennri tilskipun um öryggi vara⁵). Leiðbeiningar Bandalagskerfis um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX)⁶ mæla einnig með því að senda inn tilkynningar um þær ráðstafanir sem gerðar eru hvað varðar vörur sem skapa hættu, þó hún sé ekki alvarleg.

Í kjölfar þeirra aðgerða sem framkvæmdar voru eftir sameiginlega matsverkefnið, var tilkynnt um 22 vörur í tilkynningagátt og ein tilkynning er enn í biðstöðu.



³ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32019D0417&from=EN>

⁴ <https://ec.europa.eu/rag/#/screen/home>

⁵ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A32001L0095>

⁶ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=LEGISSUM%3A4390682>

5. Niðurstöður og ráðleggingar

5.1 Niðurstöður

Í heildina uppfylltu 25% leikfanganna ekki a.m.k. eina af kröfum viðeigandi staðla. Prósentuhlutfall leikfanga með fjarstýringu og rafmagnsleikfanga með hnapparafhlöðum/öðrum rafhlöðum sem uppfylltu ekki a.m.k. eina kröfu var hærra: 36% leikfanga með fjarstýringu og 33% leikfanga með hnapparafhlöðum/öðrum rafhlöðum.

Niðurstöður prófanna leiða í ljós að 43% rafmagnsleikfanganna sem í úrtakinu voru uppfylltu ekki kröfur RoHS2 hvað varðar blý og kadmíum. Þó svo að hættuleg efni stofni ekki barninu í beina hættu

hafa þau í för með sér umhverfishættu.

Þess að auki uppfylltu 52% prófaðra leikfanga ekki kröfur um merkingar og leiðbeiningar.

Viðkomandi markaðseftirlitsfyrirvöld gerðu 22 tilkynningar í öryggisgátt (ein tilkynning er enn í biðstöðu) og báðu rekstraraðila um að taka eða innkalla vörur af markaði sem talið var að sköpuðu alvarlega, mikla eða meðalmikla áhættu.



5.2 Ráðleggingar fyrir hagsmunaaðila

Ráðleggingarnar hér á eftir byggjast á útkomu prófanna og samræðum markaðseftirlitsyfirvaldanna sem áttu sér stað meðan á verkefninu stóð.

Fyrir neytendur

Kaupid rafmagnsleikföng frá traustum sölukendum.

Kaupid rafmagnsleikföng af skráðum, vel þekktum söluaðilum. Þeir eru til staðar til að hjálpa við að leysa úr öllum vandamálum sem tengjast kaupunum. Ef keypt er á netinu skal athuga auðkenni seljandans og umsagnir um vörur sem hann hefur þegar selt - minnast umsagnirnar á bilanir sem geta stofnað öryggi í hættu?

Viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar. Gætið sérstaklega að viðvörnum og merkingum sem fylgja með vörnum. Er CE-merkið til staðar? Er aldurshópur sem leikfangið er ætlað fyrir skýrlega merktur? Er leikfangið merkt með tengilið og heimilisfangi innan ESB? eru einhverjar viðvaranir til staðar sem þarf að fylgja? Þarfnast leikfangið eftirlits? Er hægt að nota rafmagnsleikfangið utandyra eða við blaut skilyrði?

Hafið í huga þær hættur sem fylgja hnapparahlöðum sem auðvelt er að ná til. Hafið í huga að mörg leikföng eru knúin af, eða búin, hnapparahlöðum sem geta valdið alvarlegum og lífshættulegum meiðslum⁷. Takið tíma til að athuga ástand rafmagnsleikfangsins reglulega. Er leikfangið skemmt? Getur barnið náð til rafhlaðanna?

Fyrir evrópsk og staðbundin yfirvöld

Hafið umsjón með rafmagnsleikföngum. Ef haft er til hliðsjónar að 43% af þeim vörum sem voru valdar og prófaðar í þessum aðgerðum uppfylltu ekki kröfur RoHS2, og að 52% uppfylltu ekki kröfur um viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar, ættu rafmagnsleikföng að vera undir nánu eftirliti. Viðbótarprófanir og regluleg athugun á viðvörnum, merkingum og leiðbeiningum getur dregið úr fjölda óöruggra rafmagnsleikfanga á markaði.

Beinið markaðseftirliti að rafmagnsleikföngum sem seld eru á netinu. Fjöldi rekstraraðila sem vilja nýta sér kvika og ókeypis netsölu hefur aukist. Mun hærra prósentuhlutfall prófaðra rafmagnsleikfanga sem keypt voru á netinu uppfylltu ekki a.m.k. eina kröfu (47%), samanborið við prósentuhlutfall leikfanga sem keypt voru í hefðbundnum verslunum (17%).

Fyrir rekstraraðila

Viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar. Gætið sérstaklega að viðvörnum og merkingum sem fylgja með rafmagnsleikföngum. Þær ættu að vera ritaðar á tungumáli sölulandsins. Rafmagnsleikföng eiga að vera merkt með: nafni og heimilisfangi framleiðanda og innflutningsaðila – og ábyrgðaraðila innan ESB; upplýsingum sem tryggja að hægt sé að auðkenna og rekja vöruna; og viðeigandi viðvörnum og öryggisupplýsingum til að hægt sé að nota leikfangið á öruggan hátt.

Gætið að eigin skyldum samkvæmt gildandi löggjöf.

Gerid allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja að vörur séu í samræmi við tilskipun um öryggi leikfanga. Staðall EN 62115 um öryggi rafmagnsleikfanga, RoHS2 og REACH-reglugerðin veita áreiðanlegar tæknilausnir sem framleiðendur geta fylgt eftir við hönnun og framleiðslu vöru til að sýna fram á samræmi við áskildar lagakröfur.

Tilkynnið atvik til valdbærs yfirvalds. Ef leikfang stofnar öryggi í hættu ber rekstraraðilum lagaleg skylda til að tilkynna slíkt til valdbærs yfirvalds í því aðildarríki sem leikfangið er til sölu í.

Innkallanir. Gefið neytendum skýrlega til kynna hvernig þeir fá upplýsingar um hugsanlegar innkallanir. Látið upplýsingar um innkallanir vera skýrar og aðgengilegar, og gefið ávallt til kynna þær áhættur sem fylgja vörunni. Athugið reglulega hvernig innkallanir heppnast og aðlagið innköllunarferli í samræmi við það.

⁷ Nánari upplýsingar: https://consultation.accc.gov.au/product-safety/further-consultation-button-batteries-in-toys-1/supporting_documents/Consultation%20paper%20for%20toys%20with%20button%20batteries.pdf

1. Hvað er CASP?

Samræmd starfsemi um öryggi vöru (CASP) gerir markaðseftirlitsyfirvöldum aðildarríkja innan Evrópusambandsins (ESB)/Evrópska efnahagssvæðisins (EES) kleift að vinna saman til að efla öryggi vara sem settar eru á innri markað ESB.

Sértækar aðgerðir sem tengjast tilteknum vörum (PSA) prófa mismunandi tegundir vara sem gætu stofnað öryggi neytenda í hættu. Vörurnar eru valdar og þeim safnað saman af viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöldum og þær eru prófaðar með prófunaráætlun sem var samþykkt í sameiningu.

Aðgerðir þvert á vöruflokka (HA) bjóða upp á vettvang fyrir markaðseftirlitsyfirvöld til að skiptast á hugmyndum og bestu starfsháttum. Undir leiðsögn sérfræðings eru þróaðar sameiginlegar nálganir, ferli og verkfæri til markaðseftirlits.

Blandaðar aðgerðir greiða fyrir láréttum samræðum og sjá um prófunarherferðir. Niðurstöðurnar eru notaðar til að próa sameiginlega nálgun og aðferðafræði.

CASP 2021 felur í sér fimm tegundir sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum, þrjár hliðstæðar aðgerðir og eina blandaða aðgerð. Viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöld gerðu forval á þessum vörum í samráði við Stjórnarsvið réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST).

Sértækar aðgerðir sem tengjast tilteknum vörum (PSAs)



Hlutverk og ábyrgð

EISMEA

- Samningsyfirvald – hefur umsjón með stjórnsýslutengdum samskiptum við verktaka af hálfu Stjórnarsviðs réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST)
- Hefur eftirlit með og samþykkir allar samningsbundnar afhendingar

Verktakinn EY/Pracsis

- Hefur umsjón með innleiðingu og skipulagningu aðgerðanna
- Veitir tæknilegan og stöðbyggðan bakgrunn
- Ber ábyrgð á tilkynningu, samskiptum og dreifingu niðurstaðna

Markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkja ESB/EES


Tæknisérfræðingur (einn fyrir hverja aðgerð sem tengist tiltekinni vöru)

- Veitir markaðseftirlitsyfirvöldum tæknilegar ráðleggingar og leiðsögn
- Aðstoðar við drög að úrtaks- og prófunaráætlun og velur hagstæðustu prófunarstofuna
- Greinir niðurstöður og hjálpar til við að meta áhættu og leggur til ráðleggingar

DG JUST


- Hefur eftirlit með áætlanagerð og framkvæmd CASP-verkefna
- Tryggir forystu í verklegum aðgerðum, stjórnun þeirra og innleiðingu
- Aðstoðar markaðseftirlitsyfirvöld og veitir þeim leiðsögn

2. Vinnuáætlun sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum



Samfelld innri samskipti í gegnum Wiki Confluence-verkvanginn

UPPHAF	ÚRTAK OG PRÓFUN	TILKYNNING	YTRI SAMSKIPTI
Gagnarannsókn	Útboðsferli prófunarstofa	Áhættumat	Þróun samskipta-verkfæris
Umfang	Val og samþykkt á prófunarstofu	Samræming aðgerða sem markaðseftirlitsyfirvalda	Þróun samskipta-skilaboða
Drög að prófunar- og úrtaksáætlun	Úrtak og flutningur	Drög að lokaskýrslum	Gangsetning upplýsinga-herferðar
Leit að prófunarstofu	Prófunarferli og prófunarskýrslur	Förgun eða endursending prófunarvara til markaðseftirlitsyfirvalda	Mat á áhrifum



3. Verkfæri og ferli

0

Forferli CASP

Réttinda- og neytendasvið hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST) heldur fund til að velja vörflokka. Fimm vörflokkar CASP 2021 voru valdir af markaðseftirlitsyfirvöldum í samráði við Réttinda- og neytendasvið hjá framkvæmdastjórn ESB (DG JUST).

1

Samþykkt á prófunar- og úrtaksáætlunum

Tæknisérfræðingar leggja drög að áætlunum í samræmi við endurgjöf markaðseftirlitsyfirvalda og þeirri fjárhagsáætlun sem fyrir hendi er. Drögin eru tekin fyrir á upphafsundi og svo aðlöguð og samþykkt af markaðseftirlitsyfirvöldum í gegnum Wiki.

2

Val á rannsóknarstofu

Starfsfólk verktakans skráir rannsóknarstofur og hefur samband við þær til að safna upplýsingum um verð og öðrum upplýsingum. Útbodsfærlíð hefst eftir upphafsfundinn og tilboðin metin. Þegar millifundir eiga sér stað velja markaðseftirlitsyfirvöld rannsóknarstofu.

6

Upphleðsla aðgerðarferla í verkfæri til leiðbeiningar um áhættumat

Aðgerðarferlunum sem þróuð voru í verkefninu var hlaðið upp í verkfæri til leiðbeiningar um áhættumat (RAG).

5

Áhættumat

Tæknisérfræðingur og markaðseftirlitsyfirvöld þróa aðgerðarferli byggð á þeim vörum sem valdar voru á fundi rannsóknarstofu og meta áhættu þeirra. Markaðseftirlitsyfirvöld gera áhættumót á öllum vörum sem uppfylla ekki lagalegar kröfur.

4

Próf og afhending prófskýrslna

Prófunarstofan prófar vörurnar samkvæmt samþykktu prófunaráætlun og hleður prófunarskýrslum upp á Wiki. Markaðseftirlitsyfirvöld biðja um og samþykkja skýrslurnar.

3

Söfnun og flutningur vara

Markaðseftirlitsyfirvöld velja vörur af eigin markaði og skrá þær í kóðunarskrá. Eftir að hafa gert forpróf senda markaðseftirlitsyfirvöld vörurnar til rannsóknarstofunnar.

7

Ráðstafanir sem markaðseftirlitsyfirvöld gera

Markaðseftirlitsyfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir á viðkomandi vörum og tilkynna í Safety Gate.

8

Ytri samskipti

Ytri samskipti hefjast við lokaatvik. Með henni hefst tveggja til þriggja vikna samevrópsk miðlunarherferð.

Verkfæri

Hljóð- og myndskaið sem send voru til neytenda og almennings voru gerð fyrir hverja sértæka aðgerð sem tengist tiltekinni vöru, blandaða aðgerð og CASP 2021-verkefnið í heild.

Myndrit fyrir rekstraraðila voru gerð fyrir CASP 2021-verkefnið, fyrir hverja sértæka aðgerð sem tengist tiltekinni vöru og fyrir blandaða aðgerð.

Lokaskýrslur voru gerðar fyrir hverja aðgerð og fyrir CASP 2021-verkefnið. Þær eru þýddar yfir á öll opinber tungumál ESB, en einnig yfir á norsku og íslensku.

Rásir

Efni er miðlað með:

- [Vefsvæði öryggisgáttar](#)
- [Vefsvæði EC CASP](#)
- [Samfélagsmiðlum réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni \(DG JUST\)](#)
- Samskiptarásum markaðseftirlitsvalda hvers lands
- Viðkomandi fjölmiðlum og öðrum hagsmunaaðilum.

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Directorate-General for Justice and Consumers

Directorate Consumers

Unit E.4 Product Safety and Rapid Alert System

Email: JUST-RAPEX@ec.europa.eu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber ekki ábyrgð á neinum afleiðingum sem stafa af endurnotkun þessarar útgáfu.

© Evrópusambandið, 2022.

Endurnotkunarstefna skjala framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er framkvæmd á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/833/ESB frá 12. desember 2011 um endurnotkun skjala framkvæmdastjórnarinnar (Stjt. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 39). Endurnotkun þessa skjals er heimil, nema annað sé tekið fram, samkvæmt Creative Commons Attribution 4.0 (CC-BY 4.0) notendaleyfi (<https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>). Það þýðir að endurnotkun er leyfð að því gefnu að uppruna sé getið og allar breytingar tilgreindar.

Fyrir notkun eða afdritun efnispáttá sem ekki eru í eigu Evrópusambandsins gæti þurft að leita leyfis hjá viðkomandi réttihöfum.

Upplýsingar um Evrópusambandið á öllum opinberum tungumálum ESB er að finna á Evrópuvefnum:

https://europa.eu/european-union/index_en



Publications Office
of the European Union

Lúxemborg Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2022

PDF ISBN 978-92-76-51873-0 doi:10.2838/46425 D5-01-22-323-IS-N